

Ár 2016, þriðjudaginn 31. maí, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Halldóri Frímannssyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 2/2016**

HK/Víkingur  
gegn  
Ungmennafélagið Stjörnunni

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

HK/Víkingur  
Fyrirsvarsmaður: Katla Guðjónsdóttir

**Kærði:**

Ungmennafélagið Stjarnan  
Fyrirsvarsmaður: Jóhannes Egilsson

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 17. maí s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með tölvupósti sama dag og gefinn frestur til 24. maí. Kærði skilaði ekki greinargerð í málinu.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að honum verði dæmdur 3-0 sigur í leik HK/Víkings og Stjörnunnar/Skínanda í Íslandsmóti 2. flokks kvenna sem fram fór þann 13. maí 2016.

Kærði gerir engar kröfur í máli þessu.

II.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að í hinum tilgeinda leik milli HK/Víkings og Stjörnunnar/Skínanda þann 13. maí 2016 hafi Stjarnan/Skínandi teft fram ólöglegum leikmönnum. Nánar tiltekið hafi leikmennirnir Guðrún Karítas Jónsdóttir sem er fædd 1996 og Bryndís

Björnsdóttir sem fædd er 1994 leikið umræddan leik þrátt fyrir að hafa leikið næsta leik á undan með meistaraflokki Stjörnunnar.

Kærandi vísar til 33.gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót svo og 40. gr. sömu reglugerðar.

Kærði hefur ekkert tjáð sig í máli þessu.

III.

#### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er óumdeilt að í ofangreindum leik HK/Víkings og Stjörnunnar/Skínanda léku leikmennirnir Guðrún Karítas Jónsdóttir og Bryndís Björnsdóttir leikinn þrátt fyrir að hafa leikið með meistaraflokki Stjörnunnar næsta leik á undan. Skv. 33. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er heimilt að hafa 3 eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna sem eru 20-22 ára á almanaksárinu og léku ekki með meistaraflokki félagsins næsta leik á undan.

Er því fallist á kröfu kæranda í málinu og úrslitum í leiknum breytt þannig að HK/Víkingi er dæmdur sigur með markatölunni 3-0 sbr. gr. 40.1. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Jafnframt ber kærða skv. sömu grein að greiða sekt til KSÍ og ákvarðast hún kr. 50.000.

IV.

#### **Úrskurðarorð:**

Úrslit í leik HK/Víkings og Stjörnunnar/Skínanda í Íslandsmóti 2. flokks kvenna sem fram fór þann 13.mái 2015 er breytt þannig að leikurinn dæmist Stjörnunni/Skínanda tapaður með markatölunni 3-0. Stjarnan/Skínandi greiði sekt að fjárhæð kr. 50.000 til KSÍ.

Helgi R. Magnússon  
[sign.]

Gunnar Guðmundsson  
[sign.]

Halldór Frímansson  
[sign.]

#### **Um áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Árýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.